

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Veðréttur og þinglýsingar

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:

Veðréttur (25%) og þinglýsingar (15%)

ATH. Prófið er tvískipt: Viðskiptabréfareglur (60%),
Veðréttur og þinglýsingar (40%)

Prófdagur:

7. nóvember 2012

Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls:

4 klst.

Prófblið 4
vegna þessa
hluta prófsins,
(þ.m.t. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn:

Lög og reglugerðir

Fylgiblið: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Þinglýsingar (15%)

1. Gerið grein fyrir ferli þinglýsingar frá því að skjal er mótttekið til þinglýsingar og þar til þinglýsingastjóri hefur tekið afstöðu til þess. Gerið jafnframt grein fyrir mismunandi afgreiðslu þinglýsingastjóra á skjölum sem berast til þinglýsingar og forgangsrifum þinglýsingar (15%).

Veðréttur (25%)

1. Fjallið um heimildir til veðsetningar viðskiptabréfa og innlausnarbréfa og réttarvernd slíkra veðsetninga (9%)

2. Svarið eftirtöldum fullyrðingum. Hver liður gildir 2%. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar og tvö stig eru dregin frá fyrir vitlaust svar, en ekkert er gefið eða dregið frá ef ekki er svarað. Aðeins einn valmöguleiki er réttur. (16%)

a) Tilgreiningarreglan gildir ekki um handveð.

Rétt

Rangt

b) Veðréttur í almennri fjárkröfu á hendur nafngreindum skuldara öðlast réttarvernd við tilkynningu til skuldara hinnar veðsettu kröfu.

Rétt

Rangt

c) Ákvæði 2. mgr. 34. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 eru frávikjanleg.

Rétt

Rangt

d) Sérgreiningarreglan gildir ekki um handveð.

Rétt

Rangt

e) Veðsala er ávallt skylt að tryggja hina veðsettu eign.

Rétt

Rangt

f) Veðréttur í innlausnarbréfi öðlast réttarvernd með áritun á innlausnarbréfið.

___ Rétt

___ Rangt

g) Eftirfarandi ákvæði er að finna í samþykktum einkahlutafélags: „*Hluti í félaginu er óheimilt að selja án samþykkis stjórnar.*“ Þetta ákvæði kemur í veg fyrir veðsetningu hluta í félaginu án samþykkis stjórnar.

___ Rétt

___ Rangt

h) Heimilt er að stofna til sjálfsvörsluveðs í lausafé með munnlegum samningi.

___ Rétt

___ Rangt